



Count on it.

Form No. 3445-559 Rev A

Notendahandbók

Handvirk tönn

Sand Pro®/Infield Pro® 3040 og 5040

Tegundarnúmer 08714—Raðnúmer 400900001 og upp úr





Mynd 2
Öryggistákn

g000502


Inngangur

Mikilvægt: Lesið vandlega innihald þessarar notendahandbókar til að tryggja öryggi, afköst og rétta notkun á vinnuvélarinnar. Slysa geta orðið sé þessum notkunarleiðbeiningum ekki fylgt eða hljóti notandi ekki tilhlýðilega þjálfun. Frekari upplýsingar um örugga notkun, þar á meðal öryggisheilmæði og fræðsluefni, má finna á www.Toro.com.

Hægt er að hafa samband við Toro í gegnum www.Toro.com til að nálgast upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um staðsetningu söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. **Mynd 1** sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skriðið númerin í kassann hér á síðunni.

Mikilvægt: Hægt er nálgast upplýsingar um ábyrgð, varahluti og aðrar vöruupplýsingar með því að skanna QR-kóðann á raðnúmerinu (ef hann er til staðar) með fartæki.



g252191

Mynd 1

1. Staðsetning tegundar- og raðnúmera

Tegundarnúmer _____
Raðnúmer _____

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum (**Mynd 2**), sem sýna hættu sem kann að valda

Þessi handbók notar 2 orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Efnisyfirlit


Öryggi	3
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar	3
Uppsetning	4
1 Vinnuvélin undirbúin	5
2 Uppsetning læsingarfetils	5
3 Uppsetning festinga	11
4 Uppsetning lyftiarma	12
5 Uppsetning tannarinnar	13
6 Uppsetning á fótstigi lyftiarms	14
7 Gormspenna stillt	15
Notkun	15
Tönnin notuð	15
Tönnin fjarlægð og geymd	15

Öryggi

Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar



Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



decal93-9879

93-9879

1. Hætta vegna uppsafnaðrar orku – lesið *notendahandbókina*.
-

Uppsetning

Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
1	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Undirbúið vinnuvélina
2	Snúningsfesting Burðarbolti (5/16 x ¾ to.) Lásró (5/16 tommu) Læsingarfetill Fóðringarplata Bolti (5/16 x ¾ to.) Stöðuhólkur (⅝ x 1-1/16 to.) Spennugormur Skinna (1-⅞ x 2 to.) Splitthringur Skinna (⅝ x 1 to.) Lásró (⅝ tommu) Lásró (¼ tommu) Nöf Bolti (¼ x 2-¾ to.) Skinna (9/32 to.)	1 2 5 1 1 3 1 1 1 1 1 1 2 1 1 1	Setjið upp læsingarfetil.
3	Festibúnaður Bolti (½ x 3-½ to.) Lásró (½ to.)	2 4 4	Setjið upp festingar.
4	Hægri lyftiarmur Vinstri lyftiarmur Splittbolti Klofsplitti Vindustöng Bolti (⅜ x 1 to.) Lásró (⅜ to.)	1 1 2 2 1 4 4	Setjið upp lyftiarma.
5	40 tommu tönn (einnig er hægt að kaupa og setja upp 60 tommu tönn) Skástífa Bolti (⅜ x 1 to.) Lásró (⅜ to.) Bolti (⅜ x 3 to.)	1 2 2 6 4	Setjið upp tönnina.
6	Fótstig lyftiarms Bolti (⅜ x 3 to.) Lásró (⅜ to.) Gormfesting Bolti (⅜ x 2-¾ to.) Framlengingargormur Fjöðrunarstöng	1 2 4 2 2 2 2	Setjið upp fótstig lyftiarms.
7	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Stillið gormspennu.

Margmiðlun og aukahlutir

Lýsing	Magn	Notkun
Notendahandbók	1	Lesið handbókina áður en tönnin er sett á.


Ath.: Miðið vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

1

Vinnuvélin undirbúin

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag



Mynd 3

1. Leggið vinnuvélina á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélina og takið lykilinn úr.



2

Uppsetning læsingarfetils

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Snúningsfesting
2	Burðarbolti (5/16 x ¾ to.)
5	Lásró (5/16 tommu)
1	Læsingarfetill
1	Fóðringarplata
3	Bolti (5/16 x ¾ to.)
1	Stöðuhólkur (5/8 x 1-1/16 to.)
1	Spennugormur
1	Skinna (1-1/8 x 2 to.)
1	Splitthringur
1	Skinna (5/8 x 1 to.)
1	Lásró (5/8 tommu)
2	Lásró (1/4 tommu)
1	Nöf
1	Bolti (1/4 x 2-¾ to.)
1	Skinna (9/32 to.)


Snúningsfestingin og læsingarfetillinn sett upp á vinnuvél með götum sem flúttu við fóðringarplötuna og snúningsfestinguna



Mynd 4

1. Fóðringarplata


1. Festið snúningsfestinguna á fóthvíluna með tveimur boltum (5/16 x ¾ to.) og tveimur lásróm (5/16 to.) eins og sýnt er á [Mynd 5](#).



Mynd 5


1. Fóthvíla
2. Snúningsfesting
3. Lásró (5/16 tomma)
4. Burðarbolti (5/16 x ¾ to.)

2. Notið snúningsfestinguna sem borsniðmát og borið þrjú göt (8 mm) í flansinn á fóthvílunni ([Mynd 6](#)).




Mynd 6

3. Fjarlægið snúningsfestinguna, boltana tvo (5/16 x ¾ to.) og lásrænar tvær (5/16 to.) af vinnuvélinni ([Mynd 7](#)).




Mynd 7

4. Fjarlægið allt gráð af götunum þremur sem voru boruð í skrefi 2.
5. Stillið götin þrjú á snúningsfestingunni af við götin þrjú á innanverðum flansi fóthvílunnar ([Mynd 8](#)).




6. Festið snúningsfestinguna á fóthvíluna (Mynd 9) með þremur boltum (5/16 x 3/4 to.) og þremur lásróm (5/16 to.).




1. Lásró (5/16 tommu) 3. Festing
2. Bolti (5/16 x 3/4 to.)

7. Festið stöðuhólkinn (5/8 x 1-1/16 to.) á snúningsfestingu læsingarfetilsins (Mynd 10).




1. Stöðuhólkur (5/8 x 1-1/16 to.) 2. Snúningsás (læsingarfetill)

8. Stillið læsingarfetilin af við vinstri fóthvíluna og götin á snúningsfestingunni (Mynd 11).



9. Festið fóðringarplötuna á snúningsfestinguna og flans fóthvílunnar (Mynd 12) með tveimur boltum (5/16 x 3/4 to.) og tveimur lásróm (5/16 to.).



Mynd 12


g210470

- | | |
|-----------------------|---------------------------------|
| 1. Lásró (5/16 tomma) | 3. Snúningsfesting |
| 2. Fóðringarplata | 4. Burðarbolti (5/16 x 3/4 to.) |

10. Herðið lásrærnar í 71 til 92 N·m

11. Rennið snúningsgorminum á fóðringarplötuna um leið og öðrum enda gormsins er krækt í litla pinnann á læsingarfetlinum og þrýstið hinum endanum upp við gólfplötuna (Mynd 13).

Ath.: Komið gorminum fyrir á fóðringarplötunni eins og sýnt er.




Mynd 13

g252374

- | | |
|----------------------|----------------------------------|
| 1. Lásró (1/4 tomma) | 3. Fóðringarplata |
| 2. Spennugormur | 4. Lítill pinni (læsingarfetill) |

12. Festið snúningsgorminn við litla pinnann með lásró (1/4 to.); sjá Mynd 13.

13. Festið snúningsgorminn við fóðringarplötuna með flatri skinnu (1-1/8 x 2 to.) og splitthring (Mynd 14).




Mynd 14

g210334

- | | |
|---------------------------|--------------------------|
| 1. Splitthringur | 3. Gróp (fóðringarplata) |
| 2. Skinna (1-1/8 x 2 to.) | |

14. Festið læsingarfetillinn við fóthvíluna og fóðringarplötuna með flatri skinnu og (5/8 to.) og lásró (5/8 to.); sjá Mynd 15.

Ath.: Ekki herða róna of mikið, læsingarfetillinn verður að geta snúist þegar þrýst er á hann.




Mynd 15


g210333

- | | |
|-------------------------|---------------|
| 1. Ró (5/8 to.) | 3. Snúningsás |
| 2. Skinna (5/8 x 1 to.) | |

Uppsetning á nöf og læsingarfetli á vél með götum sem flúttu við nöfina



g210450




g252121

Mynd 16

1. Nöf

1. Festið nöfina við vinstri fóthvéluna með tveimur boltum ($5/16 \times 3/4$ to.) og tveimur lásróm ($5/16$ to.).




g252122

Mynd 17

- | | |
|------------------------|------------------------------------|
| 1. Lásró ($5/16$ to.) | 4. Bolti ($5/16 \times 3/4$ to.) |
| 2. Lásró ($1/4$ tomm) | 5. Skinna ($9/32$ to.) |
| 3. Nöf | 6. Bolti ($1/4 \times 2-3/4$ to.) |

2. Festið botn nafarinnar við grind vinnuvélarinnar með bolta ($1/4 \times 2-3/4$ to.), skinnu ($1/4$ to.) og lásró ($1/4$ to.); sjá [Mynd 17](#).
3. Herðið lásrærnar í 71 til 92 N·m
4. Stillið læsingarfetilinn af við vinstri fóthvéluna og götin á nöfinni ([Mynd 18](#)).




g252123

Mynd 18

5. Setjið snúningsás læsingarfetilsins í gatið á vinstri fóthvélunni og í gegnum nöfina ([Mynd 18](#)).
6. Rennið snúningsgorminum á nöfina um leið og þið krækið öðrum enda gormsins í litla pinnann á læsingarfetlinum og þrýstið hinum endanum upp við gólfplötuna ([Mynd 19](#)).

Ath.: Komið gorminum fyrir á nöfinni eins og sýnt er á [Mynd 19](#).




Mynd 19

- | | |
|-------------------|----------------------------------|
| 1. Lásró (¼ tomm) | 3. Nöf |
| 2. Spennugormur | 4. Lítill pinni (læsingarfetill) |

9. Festið læsingarfetilinn við fóthvéluna og nöfina með flatri skinnu ($\frac{5}{8}$ to.) og lásró ($\frac{5}{8}$ to.); sjá [Mynd 21](#).

Ath.: Ekki herða róna of mikið, læsingarfetillinn verður að geta snúist þegar þrýst er á hann.




Mynd 21

- | | |
|------------------------------------|---------------|
| 1. Ró ($\frac{5}{8}$ to.) | 3. Snúningsás |
| 2. Skinna ($\frac{5}{8}$ x 1 to.) | |

Fargið hlutunum sem þurfti ekki að nota á vinnuvélina.

7. Festið snúningsgorminn við litla pinnann með lásró ($\frac{1}{4}$ to.); sjá [Mynd 19](#).
8. Festið snúningsgorminn við fóðringarplötuna með flatri skinnu ($1\frac{1}{8}$ x 2 to.) og splitthring ([Mynd 20](#)).



Mynd 20

- | | |
|-------------------------------------|---------------|
| 1. Splitthringur | 3. Gróp (nöf) |
| 2. Skinna ($1\frac{1}{8}$ x 2 to.) | |

3

Uppsetning festinga

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Festibúnaður
4	Bolti ($\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ to.)
4	Lásró ($\frac{1}{2}$ to.)

Verklag


Ath.: Gætið þess að loftþrýstingur í fram- og afturdekkjum sé 28 til 41 kPa (4 til 6 psi).

1. Setjið undirstöðu undir vinnuvélina aftanverða og takið afturdekkinn af.

Ath.: Komið búkkunum fyrir undir festingum hjólamótorsins að aftan.

2. Festið festingar lauslega við rörin hægra og vinstra megin við fóthvéluna með tveimur boltum ($\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ to.) og lásróm ($\frac{1}{2}$ to.). Komið festingunum og boltunum fyrir eins og sýnt er á [Mynd 22](#).

Ath.: Ekki þarf að setja upp hægri festinguna ef vinnuvélin er með verkfærastöng í miðjunni.



G003622

g003622

Mynd 22

1. Festibúnaður
2. Að framan

3. Vinstri
4. Hægri

4

Uppsetning lyftiarma

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Hægri lyftiarmur
1	Vinstri lyftiarmur
2	Splittbolti
2	Klofsplitti
1	Vindustöng
4	Bolti ($\frac{3}{8}$ x 1 to.)
4	Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)


Verklag

1. Komið lyftiörmunum fyrir þannig að festingargat hverrar lyftiarmsfestingar flútti við götin á festingunum ([Mynd 23](#)).
2. Festið hægri lyftiarminn við festinguna með splittbolta og klofsplitti ([Mynd 23](#)).
3. Festið annan enda vindustangarinnar lauslega við hægri lyftiarminn með tveimur boltum ($\frac{3}{8}$ x 1 to.) og lásróm ($\frac{3}{8}$ to.); sjá [Mynd 23](#).

Ath.: Ekki herða festingarnar strax.

4. Festið vinstri lyftiarminn við festinguna með splittbolta og klofsplitti ([Mynd 23](#)).
5. Festið hinn enda vindustangarinnar lauslega við vinstri lyftiarminn með tveimur boltum ($\frac{3}{8}$ x 1 to.) og lásróm ($\frac{3}{8}$ to.); sjá [Mynd 23](#).

Ath.: Ekki herða festingarnar strax.



G003625

g003625

Mynd 23

1. Hægri lyftiarmur
2. Vinstri lyftiarmur

3. Bolti ($\frac{3}{8}$ x 1 to.)
4. Vindustöng

5. Splittbolti
6. Klofsplitti

5

Uppsetning tannarinnar

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	40 tommu tönn (einnig er hægt að kaupa og setja upp 60 tommu tönn)
2	Skástífa
2	Bolti ($\frac{3}{8}$ x 1 to.)
6	Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)
4	Bolti ($\frac{3}{8}$ x 3 to.)

Verklag

Ath.: Einnig er hægt að kaupa 60 tommu tönn. Setjið hana upp samkvæmt leiðbeiningum fyrir 40 tommu tönn í þessum hluta.

1. Festið skástífu lauslega við hvorn festiflipann á tönninni.

Ath.: Komið skástífunum fyrir eins og sýnt er á [Mynd 24](#).

2. Festið framenda lyftiarmanna lauslega við festingar tannarinnar og skástífunar með fjórum boltum ($\frac{3}{8}$ x 3 to.) og 4 lásróm ($\frac{3}{8}$ to.); sjá [Mynd 24](#).


Ath.: Ef efri festigötin á festingum tannarinnar eru notuð vinnur tönnin af meiri krafti ([Mynd 24](#)).

3. Látið tönnina liggja á jafnsléttu og herðið festingarnar sem festa lyftiarmana við tönnina ([Mynd 24](#)).

Ath.: Herðið festingarnar í 19 til 24 N·m.

4. Herðið boltana og lásrærnar sem festa enda vindustanganna við lyftiarmana ([Mynd 23](#)).

Ath.: Herðið festingarnar í 19 til 24 N·m.



G025725

g025725

Mynd 24

1. Lyftiarmar
2. Skástífa
3. Tönn

4. Innri festiflipi (2)
5. Festing tannar

6

Uppsetning á fótstigi lyftiarms


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Fótstig lyftiarms
2	Bolti ($\frac{3}{8}$ x 3 to.)
4	Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)
2	Gormfesting
2	Bolti ($\frac{3}{8}$ x 2- $\frac{3}{4}$ to.)
2	Framlengingargormur
2	Fjöðrunarstöng

Verklag

1. Festið fótstig lyftiarmsins við utanverðan vinstri lyftiarminn með tveimur boltum ($\frac{3}{8}$ x 3 to.) og tveimur lásróm ($\frac{3}{8}$ to.).

Ath.: Komið fótstiginu fyrir eins og sýnt er á [Mynd 25](#).



G003626

Mynd 25


1. Fótstig lyftiarms

2. Fjarlægið **neðri** róna og boltann sem festa hverja rörfestingu við lóðrétt rör grindarinnar ([Mynd 26](#)).

Ath.: Fargið rónni og boltanum.

3. Notið opnu götin á rörfestingu til að festa gormfestingu við hverja rörfestingu / lóðrétt rör grindarinnar með bolta ($\frac{3}{8}$ x 2- $\frac{3}{4}$ to.) og lásró ($\frac{3}{8}$ to.).

Ath.: Komið gormfestingunum fyrir eins og sýnt er á [Mynd 26](#).



Mynd 26

1. Gormfesting
2. Fjöðrunarstöng
3. Framlengingargormur
4. Lyftiarmur

4. Togið í handfangið til að lyfta tönninni og festa hana í flutningsstöðu.
5. Herðið allar festingarnar sem eftir eru.
6. Tengið framlengingargorminn við lyftiarminn og fjöðrunarstöng.
7. Setjið fjöðrunarstöngina inn í gatið í gormfestingunni og festið lauslega með lásró ($\frac{3}{8}$ to.).
8. Endurtakið skref 6 og 7 hinum megin á vinnuvélinni.
9. Setjið afturdekkin á og takið búkkana undan afturhluta vinnuvélarinnar.

Ath.: Herðið felgurærnar í 61 til 75 N m.

7

Gormspenna stillt

Engir hlutar nauðsynlegir


Verklag

Gormstillingin stýrir áttakinu sem þarf til að lyfta tönninni í flutningsstöðu. Sé gormurinn of laus er erfitt að lyfta tönninni í flutningsstöðu. Sé of mikil spenna á gorminum lyftist tönnin hins vegar of mikið við notkun.

1. Látið tönnina síga alveg niður.

Ath.: Þegar gormarnir eru rétt stilltir ætti allur neðsti hluti tannarinnar ekki að vera meira en 6 mm frá gólfinu.

2. Snúið stilliróm gormsins (Mynd 27) réttisælis til að hækka tönnina og rangsælis til að lækka hana.



Mynd 27

1. Stilliró

Notkun

Tönnin notuð

Togið í handfangið til að lyfta tönninni og festa hana í flutningsstöðu. Þrýstið á læsingarfetilinn til að setja tönnina í vinnustöðu.

Hægt er að nota tönnina til að ýta eða draga sand og óhreini. Þegar tönnin er í vinnustöðu er einfaldlega ýtt á handfangið eða togað aðeins í það, eða ýtt á fótstig lyftiarmsins, til að stýra vinnunni.

Ath.: Ef hjólin spóla við vinnu skal lyfta tönninni örlítið með því að toga í handfangið. Stundum kann að myndast yfirálag á vélina. Þegar það gerist skal stíga smám saman af inngjafarfótstiginu til að auka snúningshraða og afl vélarinnar

Tönnin fjarlægð og geymd

1. Fjarlægjið stillirænar sem festa fjöðrunarstangirnar við gormfestingarnar.

⚠ VIÐVÖRUN

Slys kunna að verða á fólki ef gormarnir eru spenntir.

Losið þrýsting varlega úr íhlutum með uppsafnaða orku.

2. Fjarlægjið fjöðrunarstangirnar og gormana.
3. Látið tönnina síga alveg niður.
4. Fjarlægjið klofsplittin og splittboltana sem festa lyftiarmana við festingarnar.
5. Lyftið framhluta vinnuvélarinnar og ýtið tannarsamstæðunni fram og af vinnuvélinni.

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Yfirlýsing um ísetningu

Toro Company, 8111 Lyndale Ave. South, Bloomington, MN, Bandaríkjunum, lýsir því hér með yfir að eftirfarandi búnaður uppfyllir upptaldar tilskipanir, sé hann settur upp í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar á tilteknar tegundir Toro, eins tiltekið er í viðeigandi samræmisyfirlýsingu.

Tegundar-númer	Raðnúmer	Vörulýsing	Reikningslýsing	Almenn lýsing	Tilskipun
08714	400900001 og upp úr	Handvirk tönn	MANUAL BLADE	Handvirk tönn	2006/42/EB, 2000/14/EB

Viðeigandi tæknilegar upplýsingar hafa verið teknar saman samkvæmt kröfum í hluta B af viðauka VII við 2006/42/EB.

Við munum afhenda, í samræmi við kröfur innlendra yfirvalda, viðeigandi upplýsingar um ófullgerða vélbúnað. Upplýsingarnar verða sendar með rafrænum hætti.

Þennan vélbúnað má ekki nota fyrr en hann hefur verið settur í vottaðar Toro-tegundir eins og sagt er til um í viðeigandi samræmisyfirlýsingu og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar, þar sem hægt er að staðfesta að hann sé í samræmi við allar viðeigandi tilskipanir.

Vottað:



John Heckel
Yfirtæknistjóri
8111 Lyndale Ave. South
Bloomington, MN 55420, USA
Apríl 12, 2018

Viðurkenndur fulltrúi:

Marcel Dutrieux
Manager European Product Integrity
Toro Europe NV
Nijverheidsstraat 5
2260 Oevel
Belgium

Persónuverndaryfirlýsing fyrir Evrópu

Upplýsingarnar sem Toro safnar

Toro Warranty Company (Toro) leggur áherslu á persónuvernd þína. Til að geta afgreitt ábyrgðarkröfur viðskiptavina og haft samband við þá vegna innköllunar vöru óskum við eftir því að viðskiptavinir okkar deili með okkur tilteknum persónuupplýsingum, annaðhvort beint eða í gegnum næsta útibú eða söluaðila Toro.

Ábyrgðarkerfi Toro er vistað á netþjónum utan Bandaríkjanna þar sem persónuverndarlög kunna að vera slakari en í landi viðskiptavinarins.

ÞEGAR VIÐSKIPTAVINUR DEILIR PERSÓNUUPPLÝSINGUM MEÐ OKKUR SAMÞYKKIR VIÐKOMANDI VINNSLU ÞEIRRA EINS OG HENNI ER LYST Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU.

Hvernig Toro notar upplýsingar

Toro kann að nota persónuupplýsingar viðskiptavinar til að vinna ábyrgðarkröfur, hafa samband við viðkomandi vegna innköllunar vöru og á annan hátt sem við tilgreinum nánar fyrir viðskiptavini. Toro kann að deila upplýsingum viðskiptavina með hlutdeildarfélögum Toro, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við munum aldrei selja persónuupplýsingar viðskiptavina öðru fyrirtæki. Við áskiljum okkur rétt til að birta persónuupplýsingar til að fara eftir viðeigandi lögum og í tengslum við beiðnir viðeigandi yfirvalda, til að tryggja að kerfin okkar virki rétt eða til að verja okkur eða aðra notendur.

Geymsla persónuupplýsinga

Við geymum persónuupplýsingar viðskiptavina eins lengi og við þurfum í þeim tilgangi sem þeim var fyrst aflað fyrir eða af öðrum lagalegum ástæðum (svo sem reglufylgni) eða eins og krafist er samkvæmt lögum.

Áhersla Toro á öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina

Við grípum til viðeigandi ráðstafana til að verja öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina. Við grípum einnig til ráðstafana til að tryggja nákvæmni og rétta stöðu persónuupplýsinga.

Aðgangur að og leiðrétting á persónuupplýsingum

Ef viðskiptavinur vill fara yfir eða leiðrétta persónuupplýsingar sínar skal viðkomandi hafa samband við okkur í gegnum netfangið legal@toro.com.

Áströlsk neytendalöggjöf

Viðskiptavinir í Ástralíu geta fundið upplýsingar sem tengjast ástralskri neytendalöggjöf annaðhvort í umbúðunum eða hjá næsta söluaðila Toro.



Almenn vöruábyrgð Toro

Tveggja ára takmörkuð ábyrgð

Skilmálar og vörur sem falla undir ábyrgð

Toro Company og tengdur aðili þess, Toro Warranty Company ábyrgjast sameiginlega gagnvart þér, samkvæmt samkomulagi á milli þessara tveggja aðila, að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð önnurast við viðgerð á vörunni þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. * Varan er búin vinnustundamæli.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department
Toro Warranty Company
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196
952-888-8801 eða 800-952-2740
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Ef reglubundið viðhald og stillingar eru ekki framkvæmd er möguleiki á að ábyrgð falli úr gildi.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro. Hugsanlega býður framleiðandi þessara hluta upp á að sína eigin ábyrgð.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt. Ef Toro-vörunni er ekki viðhaldið í samræmi við ráðlagt viðhald í *notendahandbókinni* kann ábyrgðarkröfum að verða hafnað.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Íhlutir sem slitna við notkun, nema þeir reynist gallaðar. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, bremsuklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnífur, kefli, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnífur, kerti, eltiþjól og legur, hjólbardar, síur, reimar og tiltekni úðarahlutir á borð við himnur, stúta og einstefnuloka o.s.frv.
- Bilanir vegna utanaðkomandi þátta. Aðstæður sem teljast til utanaðkomandi þátta teljast vera, en er ekki takmarkað við, geymsluvenjur, mengun, notkun ósamþykks eldsneytis, kælivöskvar, smurefni, íblöndunarefni, áburður, vatn eða iðefni o.s.frv.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, díslólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.

Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við innflutningsaðila Toro.

- Eðlilegs hávaða, titrings, slits og tæringar.
- Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum o.s.frv.

Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu:

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarflöðu kílóvattstunda sem þær geta afkastað út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkar sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhláðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Hugsanlega þarf að skipta um rafgeymi innan hefðbundins ábyrgðartímabils vörunnar á kostnað eiganda. Athugið: (eingöngu Li-ion rafhlöður): Li-ion rafhláða er eingöngu með hlutfallslega ábyrgð á varahlutum frá og með þriðja ári og út það fimmta, á grunni vinnustunda og kílóvattstunda. Frekari upplýsingar er að finna í *notendahandbókinni*.

Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivöskvaspti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Hvorki Toro Company né Toro Warranty Company ber ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

Athugasemd um vélarábyrgðina:

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagsráðs Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgi vörunni eða er að finna í fylgiskjöllum vélarframleiðanda.